Bændum útvegaðir vinnumenn frítt af nýlendudeild

CANADIAN NATIONAL RAILWAY

Störf þessavar deildar eru ávalt að úbreiðast í V[illegible] Canada. Hún reynir að gera það sem hægt er fyrir bæ[illegible] með því, að útvega þeim vinnufólk. Frá Bretlandi, Noregi, Sv. þjóð, Danmörku og Evrópu löndunum mun hún flytja fólk, bæði karla og konur, sem á stuttum tíma verða hér ágætir borgarar. Sá hængur hefir verið á innflutningi til þessa, að vinna hefir ekki strax fengist fyrir fólkið. Bændur geta mikið hjálpað verki deildarinnar með því að vinna saman við hana og gefa hinum nýkomnu vinnu, heizt árið um kring. Deildin tekur ekkert fyrir vinnu sína og peninga þarf ekki að senda fyrirfram fyrir fargjöld þessa lýðs. Allar upplýsingar gefnar deildinni eru aðeins notaðar til að gefa þeim bendingar er atvinnu leita.

HVER NÝR INNFLYTJANDI BÆTIR AFKOMU ÞINA

ALLIR C. N. R. AGENTAR HAFA ÖLL NAUÐSYNLEG EIÐUBLÖÐ, OG TAKA BEIÐNI YKKAR UM VINNUFÓLK. EINNIG MÁ SKRIFA:

WINNIPEG
General Agricultural Agent
D. M. JOHNSON

EDMONTON
General Agent
R. C. W. LETT

CANADIAN NATIONAL RAILWAYS

hvert koma megi upp lestrarsal er opinn sé 1—2 kvöld í viku, í sambandi við safnið, þar eð heppileg meðferð þessa máls muni mest undir deildinni 'Frón' komin.—Að þessu búnu var álitið rætt og samþykt lið fyrir lið.

Þá kom fram nefndarálitið út af bréfi Mrs. Chiswell frá Gimli. Telur nefndin þetta mál mjög áríðandi og leggur til, í fyrsta lagi, að Þjóðræknisfélagið leggi árlega til verðlaunapeninga, úr bronzi, silfri og gulli er nefnist "Verðlaunapeningar Þjóðræknisfélagsins". Verðlaunapeningurinn þeim, sem fram úr skarar í heimafélögum og sé eign þess er vinnur.. Um silfurpeninginn skal kept af verðlaunahöfum innan hvers fylkis í Canada og ríkis í Bandaríkjum, þar sem Íslendingar búa, og skal hann einnig vera eign þess er vinnur. Um gullpeninginn skal aðeins kept af þeim er hlotið hafa silfurverðlaunin og skal hann verða eign þess er hann hreppir í samfleytt 3 ár, en vera þó í vörzlum þess er vinnur ár hvert.

Í öðru lagi leggur nefndin til, að á annari hlið verðlaunapeninganna sé skjaldarmerki Íslands, með ofaní gröfnu nafni Þjóðræknisfélagsins, en á hinni skjaldarmerki þess fylkis eða ríkis er sá er vinnur á heima í, með áletruðu nafni vinnanda.

Í þriðja lagi, að framkvæmdarnefnd Þjóðræknisfélagsins sé falið að semja reglugerð og sjá um alla samkepni, er fram fer um þessa peninga.

Var nefndarálitið síðan samþykt eins og lesið var.

Þá kom fram nefndarálit, út af bréfi sr. Jakob Kristjánssonar um Eyjólf Eyfells listmálara. Leggur það til að einhverjum manni sé falið að komast sem fyrst að því hjá listamanninum, með hverjum kjörum hann myndi vilja senda málverk hingað vestur, og að framkvæmdarnefndin, aðstoðaði þenna mann, að fenginni þeirri vitneskju. Tillaga kom fram um að breyta til og fela stjórnarnefndinni algerlega þetta mál. Var hún borin upp og samþykt.

Þá kom fram álit söngfræðinefndar. Tekur hún fram, að Björgvin Guðmundsyni sé ljúft að leita þess stuðnings er félagið kann að geta látið í té, og sömuleiðis láta handrit sitt af hendi við félagið, tryggi það honum alþjóðaprentunarrétt. Álítur nefndin heppilegra að félagið gangist fyrir útgáfu bókarinnar, en lítt þektir einstaklingar, og stingur upp á að kosin sé nefnd á þinginu, er í samráði við stjórnarnefndina og hr. Björgvin Guðmundsson ráði málinu til lykta á þessu ári. Síðan var álitið rætt. Bent var á fjárhagserfiðleika við útgáfuna, félagið fátækt, en að lokum var samþykt tillaga um, að vísa þessu máli til stjórnarnefndar til íhugunar.

Þá kom fram nefndarálit í íslenzkukenslumálinu. Er nefndin þakklát félagsdeildum fyrir áhuga ámálinu, en vill um leið leggja til, að hert verði á því enn meira og að stjórnarnefndin geri tilraunir sem ítrastar að koma íslenzkukenslu á við háskóla fylkisins. — Séra R. Pétursson kvað álitið fara of stutt. Þyrfti að vinna að því að íslenzkan kæmist að sem námsgrein, ekki aðeins við háskólann heldur og á kensluskrá miðskóla fylkisins. Var það gert að viðaukatillögu og nefndarálitið samþykt, að því viðbættu.

Dagskrá var þá á enda og hófust frjálsar umræður. Séra Rögnv. Pétursson lagði til, að Guðm. Grímssyni lögmanni væri send kveðja þingsins og honum þökkuð hin framúrskarandi og happasæla hluttaka hans í Floridamálinu alræmda. Var samþykt, að fela forseta það mál. Samþykt var og tillaga frá sera Fr. Friðrikssyni, að votta frú Láru G. Salverson og hr. Emile Walters samfögnuð þingsins yfir velgengni þeirra.

Þá var og samþykt hluttekningaryfirlýsing þingsins útaf fráfalli fyrv. alþingismanns Jóns Jónssonar frá Sleðbrjót.

Þá var fundi frestað þar til lokið væri erindi sr. Guðm. Árnasonar, er hófst kl. 8 e. m. Var það um íslenzka tungu, fegurð hennar meðferð og málvenjur og hið fróðlegasta og skemtilegasta. Var honum greitt þakklæti með lófaklappi og með því að menn risu úr sætum.

Þá var fundur setttur kl. 9.30 Mr. J. Gillies stakk upp á, að sungið væri "Hvað er svo glatt, sem góðra vina fundur", og var það gert af fullum hálsi.

Lá þá fyrir embættiskosningar, er frestað hafði verið. Var stungið upp á B. B. Ólson og Hjálmari Gíslasyni í féhirðisembætti. Afsakaði hinn fyrnefndi sig og var H. Gíslason því kosinn féhirðir gagnsóknarlaust. Sem varaféhirði var stungið upp á J. Jóhannessyni, Jakob Kristjánssyni og J. Gillies, Brown. Hinir fyrstnefndur afsökuðu sig og var J. Gillies því kosinn án gagnsóknar.

Sem fjármálaritara var stungið upp á Fred Swanson og Kl. Jónassyni, er afsökuðu sig báðir. Þá kosinn Ólafur Bjarnason gagnsóknarlaust.

Varafjármálaritari kosinn Klemens Jónasson frá Selkirk í einu hljóði.

Eftir árangurslausar áskoranir til ýmsra manna, sérstaklega fyrv. skjalavarðar Finns Johnson, lét Arnljótur Olson tilleiðast að taka kosningu, gagnsóknarlaust.

Yfirskoðunarmenn voru kosnir H. S. Bardal og Björn Pétursson.

Nefndin mælti með því, að skáldin J. M. Bjarnason og Þorbjörn Björnsson, er kallar sig Þorskabít, yrðu gerðir heiðursfélagar. Talaði forseti fyrir því máli. Var samþykt tillaga í þá átt, með því að allur þingheimur stóð á fætur.

Þá var samþykt tillaga um að fráfarandi embættismönnum skyldi greitt þakklætisatkvæði, og það gert á sama hátt.

Forseti þakkaði þá góða samvinnu á þinginu, góða aðsókn að samkomum og þingfundum, og bað alla syngja að endingu þjóðsöng Íslands "Ó guð vors lands".

Að því búnu sagði hann þingi slitið.

xxx

Þjóðræknisskraf.

Það hefir margt og mikið verið hjalað og ritað um viðhald íslenzks þjóðernis hér í Vesturheimi nú á þessum síðustu og verstu tímum. Framkvæmdarnefnd Þjóðræknisfélagsins er falið af þingheimi, og á íslenzku blöðin er skorað, að bregða nú hvatlega við, hræra tunguna og reiða pennann sem harðast og tíðast, þessu máli til styrktar. Ekkert er oss heldur ljúfara hlutverk falið. En heldur ekkert erfiðara, ef sýnilegur árangur á að verða. Þess vegna er oss og fátt stærra hryggjarefni, en að reka oss óvægileg á blákalt og steingert andaraleysi manna í því efni, bæði hjá einstaklingum, en sérstaklega hjá félögum eða flokkum manna.

Um daginn boðaði "Ungmennafélag Samband[illegible]ssafnaðar" til skemtisamkomu í kirkju safnaðarins. Það hafði vandað vel til skemtanarinnar, en samt voru áberandi mörg tóm sæti í salnum. Þetta má ekki svo til ganga. — Vér vitum raunar vel, að tímarnir eru erfiðir, að inngangseyrir var lítið eitt hærri en vant er að vera, og að fjölmargar samkomur hafa verið haldnar af ýmsum félögum innan safnaðarins undanfarið, en ekkert af þessu gat samt að voru áliti réttlætt fyllilega tómlæti það, er þarna kom í ljós gagnvart Ungmennafélaginu. Því þó hvert félag fyrir sig eðlilega helzt skara eld að eigin köku, þá ættu öll safnaðarfélögin að vera samhent í því, að skara eld að köku Ungmennafélagsins af öllum mætti.

Framtíð íslenzkra safnaða hér í landi byggist mest á oss, sem nú erum rosknir og starfandi meðlimir. Hún byggist fyrst og fremst á því að hlúa sem bezt að kynslóðinni, sem nú er að vaxa upp og sem vér vonum og viljum að feti í fótspor vor. Og vermireiturinn sá, verður að vera sérstaklega skjólgóður, sem bygður er í kring um nýgræðinginn.

Þessi ungmenni eiga sérstaklega erfitt uppdráttar. Ekki vegna þess eins, að þau eiga eðlilega erfiðara með að leggja eitthvað af mörkum fjárhagslega til áhugamála sinna, heldur sérstaklega vegna eðlilega erfiðrar afstöðu sinnar til þjóðernismálanna íslenzku.

Frá barnsaldri verða þau að nema því nær allan sinn lærdóm á enska tungu, og umgangast stallsystkini sín, sem þá tungu tala. Vér sem hingað komum fullfleyg á vængjum íslenzkrar tungu, höfum enga ljósa hugmynd um þá feikna erfiðleika, sem orðið hafa og eru á vegi þeirra, sem fremst standa að íslenzkri málkunnáttu í þessum litla hóp, við tilraunirnar að halda við tungunni og þjóðerniskend. Og erfiðleikarnir verða þeim ofurefli á stuttum tíma, ef vér, senr-eldri erum, ekki sýnum þeim, að natinn samhugur okkar sé með þeim í orði og verki. Og vér berum kvíðboga fyrir því, að þau ungmenni, sem í fimm eða sex ár samfleytt hafa barist fyrir íslenzku ungmennafélagshreyfingunni af litlum efnum og með illri aðstöðu, gefist upp bráðlega, missi kjarkinn og leggi árar í bát, ef þeim finst, við lík tækifæri og þetta, þau vera rúin samúð eldra fólksins og dálítið djúpsýnni skilningi á baráttu þeirra til þess að ná markinu, sem vér ætlum þeim: viðhaldi og þroska þess, sem bezt er í íslenzku þjóðerni hér vestan hafs.

0

Af utanför til Svíþjóðar og Noregs

(Framhald frá 1. síðu.)

með 39 stiga hita og bólgu í andliti, sem ágerðist mjög um kvöldið og næstu nótt. Læknir var sóttur, og úrskurðaði hann mig sjúkan af hettusótt! Mér datt í hug sagan af Helga biskupi Thordersen, þegar hann nær sextugur fékk mislinga í Köfn; læknir skildi ekkert í sjúkdómi biskups, fyr en dílarnir leiddu allan sannleikann í ljós. Varð honum þá að orði: "Hvernig í ósköpunum átti mér að detta í hug, að yður háæruverðugheit væri ekki búinn að ljúka sér af með jafn algengan barnasjúkdóm". Eitthvað líkt þessu varð einnig lækni mínum að orði, er hann sá hvers kyns var. Hér var þó sá munurinn, að eg veit ekki betur en eg fengi þessa sömu veiki eitt sinn á æskuárum. En hvað sem nú þessu líður, þá leiddi þetta til þess, að eg varð að vera í rúminu 6 daga af þeim 8, sem eg dvaldi í Köfn að þessu sinni. Og svo máttfarinn var eg eftir leguna að eg síst gerði víðreist um borgina þessa daga, sem eg hafði fótavist þar. Eg hefi þá ekki heldur meira að segja af þessari Hafnardvöl minni. Hún varð í meira lagi snubbótt; en lánsamur var eg þó, að þetta skyldi að bera einmitt í Köfn á heimili míns elsta danska vinar úr vandalausa hóp, sem vinanlega gerði alt, sem í hans valdi stóð, til þess að láta fara sem best um mig; og í annan stað, að dóttir mín, Þórhildur, sem er að búa sig undir hjúkrunarstörf á einu af sjúkrahúsum borgarinnar, skyldi vera nýbúin að fá sumarleyfi, er eg kom til Hafnar, og því geta stundað föður sinn í þessum hvimleiða lasleika hans.

II.

Síðari hluta dags, sunnudaginn 15. sept., kvaddi eg svo Köfn að þessu sinni, hélt með ferjunni yfir til Málmeyjar og þaðan með járnbrautarlestinni til Lundar. Vegabréfslaus hafði eg að heiman farið og ekki hug kvæmst að útvega mér vegabréf í Köfn, enda datt mér ekki í hug, að þess gerðist framar þörf. Mér brá því heldur en ekki í brún, er til Málmeyjar kom og tekið var að spyrja um og rannsaka vegabréf samferða mannanna. Þegar að mér kom, sagði eg eins og satt var, hvernig á stæði fyrir mér. Svíar eru, svo sem kunnugt er, allra manna kurteisastir; og þegar eg sagði frá því, hvernig á ferð minni stæði, var það látið gott heita, og mér meira að segja fenginn maður til að bera ferðatösku mína þangað, sem tollskoðunin fer fram.

Kl. 10 um kvöldið komum við í Lund. Voru þar fyrir á brautarstöðinni menn úr gestamóttökunefndinni, og var mér tjáð af oddvita nefndarinnar að mér væri ætlaður dvalarstaður, meðan eg yrði í Lundi, á heimili dómprófasts og háskólakennara í samstæðilegri guðfræði, nánari athugun, að eg var [illegible] Magnúsar Pfannenstill. [illegible]tu mér það goðar fréttir, því [illegible] var eg lítilsháttar [illegible]nugur áðu[illegible] frá samveru [illegible] kristilegum stúdentafundi í Ítaumsdal í Noregi 1899. Var nú hóað í b[illegible] og ókum við til bústaðar dómprófasts í útjaðri bæjarins. Biðu mín þar hinir ljúfmannlegustu viðtökur af hendi húsráðanda. Pfannens till dómprófastur er stórlærður guðfræðingur og mikils metinn, og fylgir stefnuskrá frjálslyndra guðfræði, eins og aðrir háskóla menn í Lund. Eftir nokkur prestskaparár gerðist hann háskólakennari í Lund, og síðustu 15 árin jafnframt dómprófastur biskupsdæmisins, en hefir á þessu ári látið af embætti; því að svo eru lög í Svíþjóð, að háskólamenn skuli fara frá embætti 65 ára gamlir, til þess að yngri kraftar geti komist að.

Eg hefi tvisvar áður verið í Lundi; annað skifti aðeins stutta stund á leið til Stokkhólms; hitt skiftið var eg þar heilan sumardag, en hafði litla ánægju af dvölinni, því svo mikil var úrkoma allan daginn, að ekki var farandi út fyrir dyr. Mátti eg því heita þar öllu ókunnugur, er eg nú kom þangað í þriðja sinn. Bærinn er ekki stór, eg hygg lítið eitt stærri en Reykjavík að íbúatölu, en minni að ummáli. En fallegur bær mun þann mega teljast, þótt óskipulega sé hann bygður og götur hlykkjóttar, mjög, svo sem oft er í gömlum bæjum. Því að Lundur er mjög gamall bær. Er hans fyrst getið í Egilsögu, og þar talinn kaupstaður mikill. Lék þeim Agli og Þórólfi mjög hugur á að komast þangað, því að Áki taldi þar "vera févon", en líklegt, að þar mundi verða viðtaka, er bæjarmenn voru. Egill gekk fyrstur inn í borgina. Síðflýðu bæjarmenn. Varð mannfall mikið. — Rændu þeir kaupstaðinn, en brendu áður þeir skildust við. Fóru síðan ofan til skipa sinna. Svo segir Egilssaga frá. Ekk var eg látinn gjalda þessa "ófagra vigra seiðs" þeirra landa minna enda gerðist þetta nálægt árinu 940, og getur margt gleymst á skemri tíma. Það verðist líka hafa verið fallið í gleymsku þegar nafni minn Ögmundsson kom þar árið 1105 til vígslutöku, því að vel var honum tekið þar af Össuri erkibiskup og kórsherrum. Annars er eftirtektarvert hve Lundur kemur við sögu vora þegar á 11. öld Til Lundar fór Bjarnarður bókvísi, eftir að hafa verið hér á landi í 5 ár sem kristniboðsbiskup, og heldur þar áfram því starfi sínu, fyrir tilmæli Knúts konungs ríki. Og þegar settur er fastur biskupstóll í Lundi nálægt 1060, verður þar fyrstur biskup Hinrik, sá er áður hafði dvalist tvö ár á Íslandi, en lést í Lundi tveim árum síðar en þangað kom. Varð ofdrykkja honum að bana meini. Á 12. öld sækja 7 biskupar íslenzkir vígslu til Lundar, þeir Jón Ögmundsson

Framh.

x

Úr lífsins bók.

Ef þú veizt ekki á hvaða leið þú ert, þá stanzaðu til að hugsa og hlustaðu eftir þinni beztu vitund, og hún mun segja þér, að leiðirnar séu tvær í heiminum, önnur til þroskunar, en hin til eyðileggingar. Einkenni leiðanna eru þessi:

Þroskaleiðin er, að þykja vænt um lífið og hlynna að því og sjá, að lífið eru geislar frá sama ljósinu, og með okkur besta hugsun sendum við hvor til annars og með æfing verða þau eins greinileg og okkar eigin hjartaslög, og við vitum nákvæmlega hvernig öllu líður. Samstilling, með bættri hugsun er það eina sem þroskar okkur.

Leið eyðileggingarinnar er það, sem fjöldinn hefir farið og fer enn. Einkenni hennar eru þessi: Hóflaus auðsöfnun, sem myndar vald til að kvelja og eyðileggja líf fjöldans, þar sem hver höndin vinnur á móti annari þar sem stríð eru talin réttmæt og það sé gert í kærleiksskyni við aðra nágranna manns, að fara og drepa hina nágrannana; að maður verði mikill og frægur á því, að leggja að allir sjái sannleikann og engeyðileggja annara líf. Á hverri leiðinni ertu? Bið þá með mér, að allir sjái sannleikanna og engann þaggi niður sína beztu vitund: Guðsröddina í sér.

J. O. Norman.

x

Mr. J. O. Norman frá Leslie, Sask., leit inn á skrifstofu blaðsins um daginn. Sagði tíðindalítið, annað en einmuna tíð eins og hér í fylkinu. —

Hann eftirlét oss fáeinar vísur:

Kvittað fyrir "Fornar ástir"

Fornum ástum aldrei brást
út er sástu blæða
Verður skárst, að skilja og fást
við sköpun allra gæða.

Þakkar Álfur þetta vel
þín er tilsögn lagin
er hann flytur yfir Hel
um eilífðina og daginn.

Móðurást.

Geislavöndum sendir sól
svo við stöndum góðir
um þau lönd, sem lífið ól
leiðir öndin móðir.

Samband.

Ef þú leitir að því bezta
í öllum hér.
Skildast sálin sú hin mesta
sérð hver er.

Þær um eilífð elskan bindur
altaf sér.

J. O. N.

x

Fáein orð.

Það er ekki furða þó ritstj. Lögbergs sé gramur yfir því, að Dr. Á. H. Bjarnason kalli þá "blaðasnápa", sem skrifa í það blað, þær voru svo kurteislegaritaðar ádeilugreinarnar um "Vígslóða" hans St. G. St. og skoðanir hans á stríðinu mikla, með allri þeirri siðspillingu og svívirðing, sem það hafði í för með sér, þó útyfir tæki hið argasta, að innleiða herskyldu í nýlendum Breta, og draga bændasyni í handjárnum til vígvallar, og láta þá berjast nauðuga við sér saklausa menn.

Og er það ekki goðgá af Dr. Á. H. B. að kalla þá "blaðasnápa, sem skömmuðu St. G. St. í nær heilt ár, fyrir hið snotra kvæði: "Á rústum hruninna halla", sem prýddi Þjóðræknistímaritið.

Og ekki var skömm að skáldskapnum hans Lárusar Guðmundssonar til St. G. St.: "Altaf yrkir meira og meira, meira af forsmán karlskrattinn"!

Nei, það voru engir meðal "snápar", sem ruddust fram á ritvöllinn í þá tíð.

S. Baldvinsson.

GIGT.

Merkileg heima-lækning gefin af manni er reyndi hana sjálfur.

Árið 1893 fékk eg slæma gigt. Kvaldist eg af henni í 3 ár. Eg reyndi hvert lyfið á fætur öðru. En bati sá, sem eg hlaut við það, var altaf skammvinnur. Loks rakst eg á aðferð, sem læknaði mig með öllu og sjúkdómur minn aldrei áreitt mig síðan. Hefi eg nú ráðlagt mörgum, ungum og gömlum, aðferð mína og hefir árangurinn ávalt verið sá sami og eg sjálfur reyndi, hvað veikir sem sjúklingarnir hafa verið.

Eg ráðlegg hverjum, sem liðagigtar eða vöðvagigtar kennir, að reyna "heimalækningar aðferð" mína. Þú þarft ekki að senda eitt einasta cent fyrir það. Láttu mér bara í té utanskrift þína og þér skal sent það fritt til reynslu. Eftir að þú hefir reynt það og ef að það bætir þér, þá sendirðu mér einn dollar fyrir það. En misskildu það ekki, að nema því aðeins að þú sért ánægður með lækninguna, sem það hefir veitt þér, fer eg ekki fram á að þú sendir borgun. Er þetta ekki sanngjarnt? Dragðu ekki að skrifa. Gerðu það í dag.
Mark H. Jackson, No. 149 K. Durston Bldg., Syracuse, N. Y.

Mr. Jackson ber ábyrgð á, að hið ofansk áða sé satt.